

**Umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla nr. 15/1998
o.fl. - 496. mál.**

Umsagnaraðili: Félag löglærðra fulltrúa ákærvalds.

*Alþingi
Erindi nr. P 133/850
komudagur 8.2.2007*

Um 6. gr. frv.

Með þeirri breytingu sem fyrirhuguð er skv. 2. mgr. 6. gr. frv. er dómstjóra heimilað að fela aðstoðarmanni sínum að annast hverskonar dómsathafnir í opinberum málum áður en þau koma til aðalmeðferðar. Félagið gerir eftirfarandi athugasemdir við þessa tilætlan.

Verði þetta ákvæði frumvarpsins að lögum eins og það er nú orðað væri dómstjóra heimilt að fela dómarafulltrúum meðferð og uppkvaðningu rannsóknarúrskurða í opinberum málum. Rannsóknarúrskurðir kunna að varða húsleit, haldlagningu, kyrrsetningu, líkamsleit, líkamsrannsókn, geðrannsókn, símahlustun, símnotkun, hljóð- og myndbandsupptökur, handtöku, nálgunarbann, farbann og gæsluvarðhald. Svo sem ljóst má vera af þessari upptalningu fela rannsóknarúrskurðir í opinberum málum í sér meiriháttar skerðingu á persónufrelsi og öðrum stjórnarskrárvörðum réttindum borgaranna í þágu rannsóknar máls. Með vísan til þess þykir þessi breyting ganga of langt.

Eftir atvikum væri hægt að takmarka heimildina við tiltekin tilgreind rannsóknarræði þar sem hin viðurhlutameiri, s.s. gæsluvarðhald, væru undanskilin, en hin léttvægari, s.s. húsleit, yrðu heimiluð.

Enn fremur er gerð sú athugasemd að ekki er útséð að meginreglunnar um milliliðalausa málsmeðferð verði fyllilega gætt. Þannig gæti dómarafr. þingfest mál og eftir atvikum úrskurðað um frávísunarkröfu eða annað í málinu sem hérðasdómari fær síðan úthlutað til aðalmeðferðar og dómsálagningar. Um þetta sjónarmið vísast til rits Eiríks Tómassonar, Meginreglur opinbers réttarfars, Úlfljótur 2002, bls. 19-20.

Þá er mótsögn fólgin í því að dómarafulltrúa sé heimilt að annast dómsathöfn í opinberu máli sem honum væri ekki heimilt að annast í einkamáli þó athöfnin sé í raun sú sama. Dæmi um það er krafa um kyrrsetningu skv. 85. gr. oml.


Félagið fagnar ákvæði 4. mgr. 6. gr. frv. og telur hana óhjákvæmilegan og nauðsynlegan fylgifisk þeirra breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Um 7. gr. frv.

Vísað er til umsagnar félagsins um 6. gr. frumvarps til laga um breytingu á lögum um dómstóla og meðferð einkamála, 670. mál, dómstörf löglærða aðstoðarmanna o.fl. sem dags. er þann 28. apríl 2006. Eru þau sjónarmið sem þar koma fram ítrekuð. Því til viðbótar vill félagið benda á með þeirri leið sem nú er farin í frumvarpinu er ekki að fullu leystur sá vandi sem fyrirsjáanlegur er, þ.e. að ljósmyndarar færi sig einungis til og standi vakt við útgöngudyr dómstóls. Að þessu athuguðu er og rétt að benda á að aðstæður eru misjafnar eftir því hvaða dómstóll á í hlut.

Allir löglærðir fulltrúar ákærvaldsins, sækjendur, sem hafa reynslu af saksókn hafa upplifað þau neikvæðu áhrif sem nærvera ljósmyndara getur haft á sakborninga og vitni við meðferð sakamála. Mörg dæmi eru um að þetta og því fagnar félagið tillögu 7. gr. frv. sérstaklega.

Húsavík, 7. febrúar 2007
F.h. félags löglærðra fulltrúa ákærvalds,


Svavar Pálsson, form.

Alþingi

Erindi nr. P 132/32/1969
komudagur 2.5.2006

KS/

Reykjavík 28. apríl 2006.

Félagi löglærða fulltrúa ákærvalds hefur borist til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um um breytingu á lögum um dómstóla og meðferð einkamála, 670. mál, dómstörf löglærða aðstoðarmanna o.fl.

Af hálfu félags löglærða fulltrúa ákærvalds eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:


Tekið er undir þær breytingar sem felast í 6. gr. frumvarpsins um bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum. Telja verður að þær ágengu myndatökur sem tíðkast hafi til þessa hafi verið ákærðu og vitnum í sakamálum til verulegs ama. Veigmikið er að mál séu vel upplýst, og í opinberum málum skiptir framburður framangreindra miklu máli í því sambandi. Það að ákærðu og vitni eru mynduð, andstætt vilja sínum, hefur orðið til þess að þau verði óðrugg í skýrslugjöf sinni og geti síður upplýst mál. Hér eru það því ekki einungis hagsmunir sakborninga sem eru í húfi heldur samfélagsins í heild.

Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að myndatökur séu bannaðar í dómhúsum í Danmörku og Noregi. Við þetta er að bæta að félaginu er ekki kunnugt um að myndatökur séu heimilár í dómhúsum í nokkru Evrópuríki án sérstaks leyfis. Í Old Baily varðað það t.d. refsingu að taka myndir í dómhúsinu, bannað er að fara með myndavélar eða síma inn í húsið og leitað er á fólk áður en það fer þangað inn.

Telja verður að fjölmiðlar geti vel sinnt umfjöllun dómsmál án þess að teknar séu myndir af sakborningum eða vitnum í dómhúsum. Ekki verður séð að ákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála um tjáningarfrelsi eða réttláta málsmeðferð standi því í vegi að myndatökur verði bannaðar í dómhúsum. Þvert á móti hljóta ákvæði um réttláta málsmeðferð að styðja það að sakborningur geti sinnt vörn sinni án utanaðkomandi truflana.

Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þær tillögur sem felast í frumvarpinu

F.h. félags löglærða fulltrúa ákærvalds



Kolbrún Sævarsdóttir

meðstjórnandi

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík